



Reglur um innritun og dvöl barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Ísafjarðarbæjar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum sem reknir eru í bæjarfélaginu. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2003, og lögum nr. 90/2008, um leikskóla.

2. gr.

Almennt um leikskóla

Í Ísafjarðarbæ eru eftirfarandi leikskólar:

Sólborg við Torfnæs, Ísafirði. 1–4 ára börn, 4–8,5 tíma dvöl.

Tangi Austurvegi 11, Ísafirði. 5 ára börn, 4–8,5 tíma dvöl.

Eyrarskjól/Hjalli Eyrargötu 1, Ísafirði. 1–4 ára börn, 4–8,5 tíma dvöl.

Grænigarður Grundarstíg 17, Flateyri. 1–6 ára börn, 4–8,5 tíma dvöl.

Laufás Hlíðargötu 1, Þingeyri. 1–6 ára börn, 4–8,5 tíma dvöl.

Tjarnarbær Túngötu 9, Suðureyri 1–6 ára börn, 4–8,5 tíma dvöl.

Leikskólar á Ísafirði og Suðureyri, eru lokaðir í fjórar vikur vegna sumarleyfis en í fimm vikur á Flateyri og Þingeyri.

3. gr.

Innritun

Sótt er um leikskólavist rafrænt í gegnum þjónustugátt Ísafjarðarbæjar.

Stefna Ísafjarðarbæjar er að öllum börnum sé boðið pláss á leikskóla í síðasta lagi þegar þau ná 18 mánaða aldri, þó reynt sé að bjóða öllum pláss við 12 mánaða aldur. Sækja má um leikskóla frá fæðingardegnum barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Mikilvægt er að umsóknin um leikskóla sé nákvæmlega útfyllt.

Inntaka barna í leikskóla fer að mestu fram í lok sumarleyfa leikskólanna. Úthlutun þeirra plássna fer fram í mars/apríl. Inntaka barna fer þó fram allt árið eða þegar leikskólapláss losnar.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Ísafjarðarbæ og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum vegna leikskólagjalda. Þó er foreldrum sem hyggjast flytja til Ísafjarðarbæjar heimilt að sækja um leikskóla fyrir barn sitt. Lögheimili barns verður að vera skráð í Ísafjarðarbæ eigi síður en sjö dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast.

Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássíð ef ofangreindum skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Við innritun í leikskóla er tekið mið af kennitölu barna, þau elstu fá úthlutað fyrst. Leitast er við að innrita systkini í þann leikskóla sem eldra systkini dvelur í þegar að úthlutun er komið samkvæmt aldursröð.

Innritun í leikskóla felst í að foreldrum barna á biðlista er sent bréf. Í bréfinu koma meðal annars fram upplýsingar um í hvaða leikskóla foreldrum býðst fyrir barn sitt og upphaf leikskólagöngu barnsins.

Leikskólar Ísafjarðarbæjar bjóða upp á sveigjanlegan vistunartíma. Foreldrum stendur til boða að hafa börnin sín í að lágmarki 20 tíma dvöl á viku, þá er gert ráð fyrir að lágmarksdvöl séu 4 stundir á dag.

Börn á aldrinum 12-16 mánaða fá úthlutað að hámarki 7 klst. vistun milli 8-15. Gert er ráð fyrir að þeirra vistunardegi ljúki kl. 15:00 óháð því hvenær hann hófst.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá Ísafjarðarbæjar ásamt reglum um leikskólaþjónustu. Jafnframt skuldbinda foreldrar sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. hvers mánaðar, en eigi síðar en þann 15. hvers mánaðar. Uppsagnarmánuðurinn er aldrei gjaldfrír mánuður. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum þjónustugátt Ísafjarðarbæjar.

4. gr.

Opnunartímar, starfsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 8 til 16.

Ísafjarðarbær býður upp á opnun leikskóla 7:45-16:15 ef að lágmarki fimm börn eru skráð á þeim tíma í leikskólann. Þær skráningar þurfa að liggja fyrir í síðasta lagi 1. júní hvert ár og eru endurskoðaðar 31. desember á hverju skólaári. Börn geta dvalið í leikskólanum í 4-8,5 klukkustund að hámarki á dag. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem falla innan dvalartíma þeirra.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulags- og fræðsludaga. Leikskólinn er þá lokaður, en þessir dagar eru auglýstir með að minnsta kosti mánaðar fyrirvara og í skóladagatali.

Leikskólar Ísafjarðarbæjar hafa til ráðstöfunar 20 klukkustundir á ári til starfsfunda á opnunartíma leikskólans og er leikskólinn lokaður á fundartíma.

Skráningardagar í leikskólum Ísafjarðarbæjar eru 6-10, fer eftir hvernig jólin raðast á hverju ári. Á þessum dögum þurfa foreldrar að skrá börn sérstaklega í vistun, það er gert með tölvupósti til skólastjóra með 4 vikna fyrirvara og greiða foreldrar fast gjald fyrir hvern skráningardag, óháð skráðum vistunartíma barns. Innifalið í gjaldi er létt fæði. Opnunartími leikskóla á skráningadögum er 8-16.

Í leikskólum Ísafjarðarbæjar eru fimm fastir lokunardagar. Einn dagur í haustfrí, einn milli jóla og nýárs, einn virkur dagur á nýju ári og tveir frjálsir sem leikskólarnir ráða sjálfir en eru samræmdir milli skólastiga.

Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang.

Leikskólar eru að lágmarki lokaðir í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Hvert barn þarf að taka 4 vikur samfellt í sumarleyfi.

5. gr.

Börn starfsfólks í leikskólum Ísafjarðarbæjar

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Ísafjarðarbæjar fyrir barn sitt.

Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta skilyrði um inntöku barns með forgangi.

Starfsmaður í leikskólum Ísafjarðarbæjar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum, fær ekki úthlutað leikskólaplássi fyrir barn sitt í leikskólum Ísafjarðarbæjar, sbr. skilyrði 3. gr. reglnanna.

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar, áður en barnið er byrjað í leikskólanum, missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

6. gr.

Leikskólagjöld, innheimta og vanskil

Ísafjarðarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum.

Systkinaafsláttur er veittur samkvæmt gjaldskrá á hverjum tíma. Afsláttur reiknast alltaf á eldra barnið. Systkinaafsláttur er ekki veittur af skráningadagsgjaldi.

Ísafjarðarbær veitir tekjutengdan afslátt af leikskólagjaldi barns, skv. gjaldskrá á hverjum tíma. Umsóknir tekjutengds afsláttar skulu berast fyrir 15. dag mánaðar vegna gjalda fyrir mánuðinn á eftir og skal fylgja yfirlit úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði.

Endurnýja þarf umsókn um tekjutengdan afslátt einu sinni á ári, við upphaf skólaárs 1. ágúst. Veittur er tekjutengdur afsláttur af skráningadagsgjaldi.

Annað hvort er veittur systkinaafsláttur eða tekjutengdur afsláttur, aldrei báðir í einu. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjaldi leikskólans. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Ekki kemur til endurgreiðslu eða afsláttar leikskólagjalda sé leikskólinn lokaður vegna óviðráðanlegra orsaka.

Ef barn er fjarverandi vegna langtímaveikinda eða í leyfi samfelld í tvær vikur eða lengur, er hægt að óska eftir að fæðisgjaldið verði fellt niður. Nauðsynlegt er að sækja um niðurfellingu skriflega til leikskólastjóra, með 4 vikna fyrirvara vegna leyfa.

Ef um langvarandi samfelld veikindi barns er að ræða, þá er hægt að sækja skriflega um niðurfellingu á hluta leikskólagjalds til leikskólastjóra.

Heimilt er að óska eftir sérþæði fyrir barn, gegn framvísun læknisvottorðs og skriflegum upplýsingum frá sérfræðingi um það sem barnið má ekki borða og einnig hvaða áhrif það fæði hefur á barnið. Endurnýja þarf vottorðið árlega vegna barna með ofnæmi/óþol.

Leikskólagjöld eru innheimt fyrir fram og er gjalddagi 1. hvers mánaðar, og eindagi 10. hvers mánaðar. Innheimta reikninga eftir eindaga fer eftir verklagsreglum Ísafjarðarbæjar við innheimtuþjónustu, s.s. um innheimtuviðvörðun, milliinnheimtu og lögfræðiinnheimtu. Þar að auki, þegar einn mánuður er liðinn frá eindaga er forsjáraðila sent bréf þar sem minnt er á ógreiddan reikning, gefinn er fjórtán daga frestur til að ganga frá eða semja um greiðslu. Í kjölfar þess og ef reikningur er ekki greiddur, eða gert greiðslusamkomulag um skuld, fær forsjáraðili bréf um uppsögn á leikskólþjónustu. Miðast uppsögn við næstu mánaðamót eftir að formleg tilkynning berst greiðanda og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Þjónustan sem veitt er í leikskólum Ísafjarðarbæjar er skilgreind á skóladagatali sem kennsludagar og foreldrar greiða fyrir þá grunngjald klukkan 8-14, álag leggst á grunngjald klukkan 14-16 og tvöfalt álag fyrir vistun utan klukkan 8 og 16. Skipulagsdagar, námskeiðsdagar, lokunardagar, skráningardagar og starfsmannafundir eru ekki innan þessa gjalds og því greiða foreldrar aukalega fyrir skráningardaga.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og taka gildi frá og með 1. ágúst 2024.

Endurskoðað og uppfært í júlí 2024.